

sent hingað bænarskrá, þar sem presturinn að Breiðabólstað á Skógarströnd í Snæfellsnessýslu, prófastur sira Guðm. Einarsson sækir um, að tjeðu prestakalli verði veitt 600 kr. lán af almannafje fyrir sakir jarðabóta þeirra, sem hann hefir látið framkvæma á prestssetrinu. **145** 25. sept.

Út af þessu skal yður, herra landshöfðingi, tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og nauðsynlegrar ráðstöfunar, að hið umbeðna lán veitist hjer með Breiðabólstaðar prestakalli, svo framarlega sem nægilegt fje er fyrir hendi í viðlagasjóðnum, sem ráðgjafanum er ókunnugt um, þannig að af láninu sjeu greiddir 4 af hundraði í vöxtu á ári, og að lánið sje endurborgað á 12 árum samfleytt með 50 kr. árlegu afnámsgjaldi.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kirkjubýggingar.* — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá frá kirkjugjörðar-nefndinni í Stykkishólmi með álitu stiptsyfirvaldanna, um að fá, til þess að fullgjöra nefnda kirkju, auk hins fyrveitta 2000 kr. láns, sem getur um í brjefi ráðgjafans 25. maí f.á.¹, enn handa sömu kirkju 1000 kr. lán úr viðlagasjóðnum með sömu kjörum, sem hið fyrrnefnda lán. Getið þjer þess, að sóknarbúar hafi ábyrgzt, að greiddir sjeu 4 af hundraði í vöxtu af láni því, sem búið er að veita, og að það verði endurborgað með 80 krónum árlega, og leggið þjer til, að lán það, er nú er beðið um, verði veitt gegn 4% árvöxtum, og þannig, að það verði í sameiningu við hið fyrveitta 2000 kr. lán endurborgað með 80 kr. árlega, en þetta afnámsgjald skuli þó lántakendur skyldir að hækka upp í 100 kr. árlega eptir nánari ákvörðun yðar. **146** 25. sept.

Fyrir því skal til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og nauðsynlegrar ráðstöfunar, þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn, svo framarlega sem peningar eru fyrir hendi, en um það vantar skýrslu, veitir hjer með hið umbeðna lán, sem ber að greiða árlega vöxtu af með 4 af hundraði, og endurborga ásamt hinu fyrra láni, 2000 kr. að upphæð, með 100 króna árlegu afnámi, þó ber þess að gæta, að bæði vaxtalúkning og endurborgun sje annaðhvort tryggt á sama hátt og hið fyrra lán, 2000 kr., eða að fyrir því sje sett önnur löggild trygging.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um þóknun fyrir að kenna organslátt.* — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna um bónarbrjef það, er Jónas organisti Helgason hafði sent hingað, og þar sem hann fer fram á að fá þóknun af fje því, sem með 15. gr. fjárlaganna er ákveðið til vísindalegra og verklegra fyrirtækja fyrir að hafa veitt tilsögn í söng og organslátti alls 8 ungmennum, og eru 5 þeirra þegar farnir að leika á organ og stýra söngnum í 5 kirkjum landsins — hefi jeg af fje því, er nefnd fjárlagagrein ræðir um, veitt beiðandanum 300 kr. þóknun og ávísað honum upphæð þessari til útborgunar úr jarðabókarsjóði. **147** 26. sept.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með að tjá stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um ráðstafanir gegn sandfoki.* — Í þóknanlegu brjefi frá 10. p. m. hafið þjer, herra amtmaður, fyrir hönd amtsráðsins farið þess á leit, að Sveini búfræðingi Sveinssyni, **148** 26. sept.

1) sjá stjórntíð. 1878 B. 96.